

Heilbrigðisráðherra
Kristján Þór Júlíusson
Velferðarráðuneytið


Reykjavík, 31. mars 2016


Í framhaldi fundar okkar í dag viljum við árétta mikilvægi þess að sett verði á fót sérstök rannsókn hér á landi á „plastbarkamálinu” svokallaða, þ.e. máli Andemariam Teklesenbet Beyene sem lést eftir að hafa gengist undir ígræðslu á plastbarka hjá ítalska læknum Paolo Macchiarini við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi. Nú þegar eru starfræktar fjölmargar nefndir í Svíþjóð sem rannsaka ólíka þætti málsins. Sjálfsgagt er fyrir Íslendinga að fylgjast vel með framgangi þeirra, en standa jafnframt að sérstakri rannsókn á ákvörðunum um meðferð sjúklingsins innan íslensks heilbrigðiskerfis og aðkomu íslenskra heilbrigðisstarfsmanna að meðferðinni. Mikilvægt er að skoða aðdraganda og grundvöll ákvörðunarinnar að senda sjúklinginn í barkaaðgerð til Karolinska sjúkrahússins, meta ábyrgð íslenskra lækna á þeim ákvörðunum ásamt aðkomu þeirra að meðferð hans í Svíþjóð, sem og því hvernig meðferð hans var fylgt eftir hér á landi í kjölfar aðgerðar.


Þær rannsóknir sem sænsk yfirvöld hafa hrint í framkvæmd munu ekki taka sérstaklega á þætti íslenskra stofnana og aðkomu þeirra að málinu. Þær hafa heldur ekki það umboð sem nauðsynlegt er til að nálgast gögn eins og t.d. sjúkraskrár og tölvupósta sem snúa að sjúklingnum og íslenskum heilbrigðisstarfsmönnum. Aðgangur að slíkum gögnum eru nauðsynlegur þáttur rannsóknarinnar eigi hún að vera trúverðug. Það er einnig mjög mikilvægt fyrir íslenskar stofnanir að búa yfir eigin þekkingu á málinu til að geta átt í skoðanaskiptum við erlenda rannsakendur um niðurstöður þessa máls.

Við teljum einnig að hefja þurfi undirbúning nú þegar á því hvernig taka eigi við þeim niðurstöðum sem rannsóknir hér á landi og annars staðar í heiminum leiða til. Hér vakna mikilvægar bæði faglegar og ekki síður siðferðilegar spurningar sem lúta til dæmis að því hvaða áhættu megi taka við meðferð á sjúklingum með langt gengna sjúkdóma, hverjir hafi eftirlit með slíku hérlandis, og hvernig ábyrgð lækna er háttáð á sjúklingum sem sendir eru til annarra landa og þiggja þar hluta meðferðar sinnar. Ekki leikur lengur vafi á því að „plastbarkamálið“ er eitt alvarlegasta siðferðisslys í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Hlutur Íslands í því máli er umtalsverður. Það skiptir höfuðmáli fyrir trúverðugleika heilbrigðisþjónustu hér á landi og fyrir rannsóknir á heilbrigðissviði að stjórnvöld taki á málinu af festu þannig að upplýst verði hvað fór úrskeiðis hér á landi og að réttir lærdómar séu dregnir af því svo fyrirbyggja megi að sagan endurtaki sig.

Virðingarfyllst,


Vilhjálmur Arnason, prófessor
og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar


Ástríður Stefánsdóttir
Dósent og stjórnarmaður


Salvör Nordal
lektor og forstöðumaður